

Gildistaka 2013-10-15

Gildir til 2016-10-15

ICS 03.360, 35.240

**Samræmdar vefþjónustur  
banka og sparisjóða  
– Yfirlit bankareikninga**

**Icelandic Online Banking Web  
Services – Account Statements**



---

# TS 164:2013

© Staðlaráð Íslands 2013. Öll réttindi áskilin.

Án skriflegs leyfis útgefanda má ekki endurprenta eða afrita þessa tækniforskrift með neinum hætti, vélrænum eða rafrænum, svo sem ljósritun, hljóðritun eða annarri aðferð sem nú er þekkt eða verður síðar fundin upp, né miðla tækniforskriftinni í rafrænu gagnasafni.

1. prentun.

**Formáli**

Tækniforskrift þessi lýsir hluta af þeim vefþjónustuskilum sem bankar og sparisjóðir bjóða upp á fyrir viðskiptavinum sína. Ekki er um að ræða tæmandi lista yfir allar þær vefþjónustur sem í boði eru, en tækniforskriftin lýsir þeim aðgerðum sem tilheyra yfirlitsþjónustu. Sambærilegar tækniforskriftir eru til fyrir hinar þjónusturnar.

Vefþjónustuskil banka og sparisjóða eru ekki ný af nálinni, en upp á þau hefur verið boðið allt frá árinu 2006 undir nafninu *Samræmdar vefþjónustur banka og sparisjóða (e. Icelandic Online Banking Web Services)*. Skilin voru frá upphafi að mestu leyti samræmd milli bankanna, en með þessari tækniforskrift hefur verið stigið skrefinu lengra og tryggt að algjört samræmi sé á milli þeirra hvað varðar ytri skil gagnvart viðskiptavinum bankanna. Það einfaldar þeim að tengja kerfi sín vefþjónustunum þar sem tryggt er að hægt sé að tengjast með samskonar hætti við hvern banka fyrir sig. Auk þess hefur verið skilgreind ný virkni umfram þá sem upphaflega var boðið upp á.

Tækniforskriftin var unnin af verkefnahópi innan Reiknistofu bankanna að undangengnu útboði af hálfu Staðlaráðs Íslands. Meðlimir hópsins hafa víðtæka þekkingu og reynslu úr hugbúnaðargerð fyrir fjármálageirann á Íslandi. Tækninefnd FUT um vefþjónustur banka og sparisjóða stýrði vinnu hópsins og umsjónarmaður nefndarinnar var Steinunn Valdimarsdóttir.

# TS 164:2013

## Efnisyfirlit

Formáli	3
<b>1</b> Inngangur	5
1.1 Gildissvið og markmið	5
1.2 Tilvísanir	5
1.3 Hugtök og skilgreiningar	5
1.4 Skammstafanir	6
<b>2</b> Um yfirlitsþjónustuna	6
<b>3</b> Skýring einstakra svæða	6
3.1 GetAccountStatement	6
3.2 Query	6
3.3 GetAccountStatementResponse	7
3.4 AccountStatement	7
3.5 Transaction	8
<b>4</b> Stöðupplýsingar	9
4.1 Kótalistar og kennakerfi	9
4.2 Staða bankareiknings	9
4.3 Færslulykill	9
Viðauki	9

## 1 Inngangur

Tækniforskrift þessi lýsir þeim aðgerðum sem aðgengilegar eru í gegnum yfirlitsþjónustuhluta samræmdra vefþjónusta banka og sparisjóða (e. Icelandic Online Banking Web Services – IOBS). Frekari lýsingu á aðgerðum má finna í kafla 2 og lýsingar á einstökum svæðum koma fram í kafla 3.

Aðgerðir í tækniforskriftinni byggja á samræmdum vefþjónustuskilum sem boðið hefur verið upp á frá árinu 2006 og stendur yfirlitsþjónustuhluti að mestu óbreyttur. Gengisaðgerð sem áður var í boði hefur þó verið fjarlægð og færð í aðskilda þjónustu.

### 1.1 Gildissvið og markmið

Tækniforskriftnin lýsir hlutmengi af samræmdum vefþjónustum banka og sparisjóða. Hún inniheldur allar þær aðgerðir sem tiltækar eru í yfirlitsþjónustuhlutanum. Vefþjónustan hjúpar aðgerðir úr kerfum bankanna og gerir þær aðgengilegar út á við. Vefþjónustunni er þannig ætlað að veita aðgengi á kerfisstigi og gera viðskiptavinum kleift að tengja kerfi sín beint við kerfi bankanna.

Helstu notendum tækniforskriftarinnar má skipta í tvo hópa: Annars vegar er um að ræða hugbúnaðarsérfræðinga hjá bönkum og sparisjóðum sem útfæra munu vefþjónusturnar á móti viðskiptavinum sínum og hinsvegar eru það hugbúnaðarsérfræðingar sem vinna að kerfum sem tengjast bönkunum á kerfisstigi.

Þar sem yfirlitsþjónustan býður, eins og nafnið gefur til kynna, upp á yfirlit en ekki fjárhagslegar aðgerðir, má búast við að þau kerfi sem nýti sér þjónustuna séu af ýmsu tagi og ekki hægt að setja undir einn og sama hatt. Sem dæmi um slík kerfi má þó nefna bókhaldskerfi og launakerfi.

Uppbygging tækniforskriftarinnar er með þeim hætti að ekki er nauðsynlegt að notast við aðrar tækniforskriftir við notkun þeirra aðgerða sem lýst er. Þannig er til að mynda tæmandi listi yfir öll þau tög sem fram koma í hverri aðgerð fyrir sig, jafnvel þó svo að sömu tög séu einnig nýtt í öðrum þjónustum sem ekki falla innan þessarar tækniforskriftar.

Markmiðið er að lesandi geti nýtt sér þær aðgerðir sem lýst er og að hann skilji hlutverk og eðli hvernar aðgerðar fyrir sig ásamt samhengi þeirra í heild sinni. Gengið er út frá því að lesandi hafi tæknilega þekkingu á XML ívafsmáli, vefþjónustum og þeirri tækni sem þær byggja á, enda er tækniforskriftnin ekki hugsuð sem kennsluefni í notkun vefþjónusta.

### 1.2 Tilvísanir

ISO 4217:2008 Codes for the representation of currencies and funds

ISO 13616-1:2007 Financial services - International bank account number (IBAN)

UN/ECE 3055 Code list responsible agency code

### 1.3 Hugtök og skilgreiningar

Hugtak á íslensku	Hugtak á ensku	Skilgreining
Aðgerð	Method	Aðgerð í þjónustuskilum.
Fjárhagsleg aðgerð	Financial transaction	Aðgerð þar sem fjármunir eru færðir til innan eða á milli kerfa.
Inntak	Input	Þau gögn sem eru sett inn í aðgerð til að hafa áhrif á úttaksgildi.
Klasi	Complex element	Flókin grein í gagnatré XML skjals, inniheldur fleiri tög.
Mynt	Currency	Sá gjaldmiðill sem upphæð/reikningur er í.
Reikningsfærsla/hreyfing	Transaction	Upplýsingar um tilfærslu fjármuna á reikningi.
Stak	Simple element	Einföld grein í gagnatré XML skjals, inniheldur ekki önnur tög.
Stakafjöldi	Number of elements	Fjöldi þeirra staka sem leyfilegur er táknður með lágmarksfjölda annarsvegar og hámarksfjölda hinsvegar á forminu [lágmarksfjöldi].. [hámarksfjöldi].
Tag	Element	Nafn á tiltekinni grein í gagnatré XML skjals.
Úttak	Output	Þau gögn sem aðgerð skilar.
Vefþjónusta	Webservice	Aðferð til að tengjast á rafrænan hátt á milli tveggja kerfa.

# TS 164:2013

## 1.4 Skammstafanir

Skammstöfun	Skýring
IBAN	<i>International Bank Account Number</i> . Alþjóðleg auðkenning bankareikninga samkvæmt alþjóðlegum staðli (ISO 13616).
XML	<i>Extensible Markup Language</i> . Ívafsmál sem byggir á safni reglna til að kóta rafræn skjöl.
XSD	<i>XML Schema Definition</i> . Aðferð til að lýsa uppbyggingu XML skjals.
RB	Reiknistofa bankanna.

## 2 Um yfirlitsþjónustuna

Yfirlitsþjónustan býður upp á eina aðgerð: *GetAccountStatement* (Sækja yfirlit bankareiknings).

Aðgerðin *GetAccountStatement* sækir yfirlit yfir bankareikning, bæði almennar upplýsingar sem og hreyfingar sem honum tilheyra.

## 3 Skýring einstakra svæða

Eftirfarandi undirkaflar fjalla um einstaka hluta yfirlitsþjónustunnar og lýsa því hvernig upplýsingarnar eru settar fram í skýtunum.

Þær aðgerðir sem tiltækar eru í gegnum yfirlitsþjónustu, ásamt inntaki þeirra og úttaki má sjá í eftirfarandi töflu. Í tilfelli inntaks og úttaks er um að ræða nöfn á þeim klösum sem vefþjónustan tekur inn og skilar.

Aðgerð	Inntak	Úttak
<i>GetAccountStatement</i>	<i>GetAccountStatement</i> (sjá 3.1)	<i>GetAccountStatementResponse</i> (sjá 3.3)

Eftirfarandi greinar lýsa því hvernig gögn yfirlitsþjónustunnar koma fram í einstaka tögum. Lýst er hvaða tög eru notuð og hvernig í einstaka tilvikum. Þegar um er að ræða tög sem innihalda kóta eða kenni þá eru sýndar eigindir sem skilgreina hvaða kótalistar eða kennakerfi eru notuð. Fjallað er um kótalista og kennakerfi í kafla 4.

Nánari upplýsingar um takmarkanir einstakra svæða má finna í meðfylgjandi XSD skjölum (sjá viðauka).

### 3.1 *GetAccountStatement*

*GetAccountStatement* inniheldur einn klasa, *Query* (af gerðinni *AccountStatementQuery*), sem er notaður til að kalla eftir upplýsingum um bankareikning ásamt þeim reikningsfærslum sem tilheyra honum.

Stak/Klasi	Stakafjöldi	Skýring
< <i>GetAccountStatement</i> >	1..1	
< <i>Query</i> >...</ <i>Query</i> >	1..1	Bankareikningur sem óskað er eftir. Sjá grein 3.2.
</ <i>GetAccountStatement</i> >		

### 3.2 *Query*

Klasinn *Query* inniheldur þær upplýsingar sem þarf til að kalla fram einn bankareikning ásamt þeim reikningsfærslum sem honum tilheyra. Takmarka verður leitina við ákveðnar dagsetningar og er skilað þeim reikningsfærslum sem falla innan þeirra. Einnig er hægt að takmarka fjölda reikningsfærsla í niðurstöðunni, en þetta má nýta í þeim tilvikum þar sem um mikinn fjölda færsla er að ræða.

Stak/Klasi	Stakafjöldi	Skýring
<Query>	1..1	
<Account>999926012345</Account>	1..1	Númer bankareiknings.
<DateFrom>2012-01-10</DateFrom>	1..1	Dagsetning frá og með.
<DateTo>2012-01-20</DateTo>	1..1	Dagsetning til og með.
<RecordFrom>0</RecordFrom>	0..1	Takmörkun á fjölda færslna; færslunúmer sem telja á frá. Fyrsta færsla reiknings er númer eitt.
<RecordTo>0</RecordTo>	0..1	Takmörkun á fjölda færslna; færslunúmer sem telja á til. Fyrsta og síðasta færsla eru báðar meðtaldar.
</Query>		

### 3.3 GetAccountStatementResponse

Niðurstöðum er skilað í klasanum *GetAccountStatementResponse* sem inniheldur annan klasa, *AccountStatement* sem inniheldur upplýsingarnar sem óskað var eftir.

Stak/Klasi	Stakafjöldi	Skýring
<GetAccountStatementResponse>	1..1	
<AccountStatement>...<AccountStatement>	1..1	Reikningsupplýsingar. Sjá grein 3.4.
</GetAccountStatementResponse>		

### 3.4 AccountStatement

Allar upplýsingar um þann bankareikning sem óskað var eftir eru birtar í klasanum *AccountStatement*. Þar koma fram almennar upplýsingar um reikninginn: Reikningsnúmer, mynt reiknings, IBAN númer, kennitala reikningseiganda, gælunafn sem reikningseigandi hefur sjálfur skráð og aukaupplýsingar um reikning. Stofnupplýsingar bankareiknings breytast yfirleitt ekki og má því búast við að þær haldist nokkuð óbreyttar milli þess sem þær eru kallaðar fram. Aðrar upplýsingar sem fram koma eru fjárhagslegs eðlis: Yfirdráttarheimild, staða reiknings, upphæð til ráðstöfunar, heildarupphæð innistæðulausra úttekta og þær reikningsfærslur sem tilheyra tímabilinu sem óskað er eftir.

Stak/Klasi	Stakafjöldi	Skýring
<AccountStatement>		
<Account>999926012345</Account>	1..1	Einkvæmt númer bankareiknings, útgefið af viðskiptabanka.
<Currency>ISK</Currency>	1..1	Mynt sem reikningur er skráður í.
<Overdraft>0</Overdraft>	1..1	Upphæð yfirdráttarheimildar sem skráð er á reikninginn.
<Balance>120000</Balance>	1..1	Staða reiknings.
<AvailableAmount>120000</AvailableAmount>	1..1	Upphæð ráðstöfunar. Staða og yfirdráttur reiknings mynda þessa upphæð.
<Status>Open</Status>	1..1	Ástand reiknings. Segir til um hvort reikningur er opinn eða lokaður. Sjá möguleg gildi í grein 4.2.
<TotalAmountWaiting>0</TotalAmountWaiting>	1..1	Heildarupphæð innistæðulausra úttekta sem bíða skuldfærslu út af viðkomandi reikningi. Skuldfærsla á sér stað um leið og innstæða er næg á reikningi.

## TS 164:2013

<IBAN>IS329999260123454511973029</IBAN>	1..1	IBAN númer (International Bank Account Number). Samsett af landskóta, reikningsnúmeri, kennitölu og tveggja stafa tölu.
<AccountOwnerID>4512922829</AccountOwnerID>	1..1	Kennitala reikningseiganda.
<CustomAccountName>Félag einstakra</CustomAccountName>	0..1	Nafn (gælunafn) sett inn af reikningseiganda. Reikningseigandi getur gefið reikningi gælunafn t.d. í gegnum netbanka viðskiptabanka.
<AccountInformation>Texti</AccountInformation>	0..1	Aukaupplýsingar um reikning eru birtar hér ef viðskiptabanki hefur skráð eitthvað.
<Transactions>	0..1	Listi af reikningsfærslum.
<Transaction>...</Transaction>	1..n	Sjá grein 3.5.
</Transactions>		
</AccountStatement>		

### 3.5 Transaction

Upplýsingar um hverja færslu bankareiknings má finna í klasanum *Transaction*.

Stak/Klasi	Stakaföldi	Skýring
<Transaction>		
<TransactionID>1231231231</TransactionID>	0..1	Einkennisnúmer færslu viðkomandi viðskiptabanka.
<TransactionDate>11-01-2012</TransactionDate>	1..1	Bókunardagur.
<ValueDate>10-01-2012</ValueDate>	0..1	Vaxtadagsetning. Notað þegar verið er að leiðrétta færslur aftur í tímann og þá segir þessi dagsetning til um hvaða vaxtadag er miðað við.
<BatchNumber>TN41</BatchNumber>	1..1	Bunkanúmer (RB). Segir til um hver framkvæmd færslu innan viðskiptabanka (einkvæmt númer afgreiðslu).
<RadeemingBank>9999</RadeemingBank>	1..1	Innlausnarbanki, bankanúmer viðskiptabanka sem framkvæmdi færslu.
<Transaction>FL02</Transaction>	1..1	Færslulykill. Segir til um tegund færslu t.d. innborgun, útborgun, krafa eða C giró. Sjá möguleg gildi í grein 4.3.
<Reference>4512922829</Reference>	0..1	Tilvísun. Oftast notað fyrir kennitölu greiðanda.
<BillNumber>0000000</BillNumber>	0..1	Sæðilnúmer. Sjó stafa tilvísunarnúmer.
<CategoryCode>04</CategoryCode>	0..1	Textalykill. Skilgreining á tegund færslu. Textalykill er skilgreindur í viðskiptabanka.
<Category>Laun</Category>	0..1	Skýring textalykils. Nánari lýsing á textalykli.
<ReferenceDetail>Félag áhugamanna um Heimabanka - 4512922829</ReferenceDetail>	0..1	Skýring tilvísunar. Nánari upplýsingar byggðar á gögnum í svæðinu Tilvísun.
<PayorID>4512922829</PayorID>	0..1	Kennitala greiðanda.
<Amount>-1000</Amount>	1..1	Upphæð.
<Balance>140000</Balance>	0..1	Staða eftir færslu.
</Transaction>		



## 4 Stoðupplýsingar

### 4.1 Kótalistar og kennakerfi

Útgáfustofnanir kótalista og kennakerfa eru auðkenndar samkvæmt kótalista UN/ECE 3055 þegar mögulegt er, en í öðrum tilfellum er notað ZZZ. Eftirfarandi tafla sýnir eigindin fyrir hvern lista.

Kótalisti	Tag	ListID	ListAgencyID	Athugasemd
Textalykill	CategoryCode		ZZZ	Hver banki fyrir sig getur bætt inn í listann, lykillinn er því ekki endilega eins milli banka.
Staða reiknings	Status		ZZZ	
Færslulykill	Transaction		ZZZ	
Gjaldmiðlar	Currency	ISO 4217	ISO	

Kennakerfi	Tag	SchemeID	SchemeAgencyID	Athugasemd
Íslensk kennitala	AccountOwnerId PayorId	IS:KT	ZZZ	
Reikningsnúmer	Account		ZZZ	

### 4.2 Staða bankareiknings

Kóti	Heiti/merking	Lýsing
Open	Opinn	Reikningur er opinn.
Close	Lokaður	Reikningur er lokaður.

### 4.3 Færslulykill

Kóti	Heiti/merking	Lýsing
FL01	Innborgun	Venjuleg innborgun.
FL02	Útborgun	Venjuleg útborgun.
FL03	Greiðsla	Krafa hefur verið greidd.
FL05	Innborgun á höfuðstól	Greiðsla inn á höfuðstól.
FL31	A/B giró	A/B giróseðill greiddur.
FL33	C giró	C giróseðill greiddur.

## Viðauki

Eftirtalin skjöl teljast hluti af tækniforskriftinni og má nálgast þau í þjöppuðu skráarformi sem afhent er með tækniforskriftinni.

- XSD skjöl sem lýsa þeim gögnum sem notuð eru af vefþjónustunni.
- XML skjöl sem innihalda dæmi um þau gögn sem eru notuð sem inntak/úttak í vefþjónustunni.

Staðlaráð Íslands er vettvangur hagsmunaaðila til að vinna að stöðlun og notkun staðla á Íslandi. Ráðið starfar á grundvelli laga um stöðlun.

Staðlaráð stendur fyrir námskeiðum og veitir ráðgjöf, upplýsingar og þjónustu um hvaðeina er lýtur að stöðlum og stöðlun. Jafnframt sér Staðlaráð um sölu staðla frá fjölmörgum staðlastofnunum.

Staðlaráð er fulltrúi Íslands í alþjóðlegu staðlasamtökunum ISO og IEC og evrópsku staðlasamtökunum CEN og CENELEC og ETSI og þátttakandi í norrænu stöðlunarsamstarfi INSTA.

Helstu verkefni eru:

- Umsjón með staðlagerð á Íslandi.
- Að aðhæfa og staðfesta þá staðla sem skylt er vegna aðildar Staðlaráðs að erlendum staðlasamtökum.
- Að greiða fyrir því að íslenskum stöðlum verði beitt í opinberri stjórn-sýslu og hjá einkaaðilum.
- Að starfrækja miðstöð stöðlunarstarfs á Íslandi sem þjónustar stofnanir, fyrirtæki, einstaklinga og samtök sem vilja nýta sér staðla.

Staðlaráð Íslands tekur ekki efnislega afstöðu til staðla og ákveður ekki hvað skuli staðlað. Ákvarðanir um það eru teknar af þeim sem eiga hagsmuna að gæta og þeir greiða fyrir verkefnin.

Á vegum Staðlaráðs starfa fjögur fagstaðlaráð:

Byggingarstaðlaráð (BSTR)  
Fagstaðlaráð í fiskimálum (FIF)  
Fagstaðlaráð í upplýsingatækni (FUT)  
Rafstaðlaráð (RST)

Á vegum Staðlaráðs starfa einnig fagstjórnir í gæðamálum og í véltækni.

---

**Það er einfalt og fyrirhafnarlítið að panta og finna staðla á netinu**

**[www.stadlar.is](http://www.stadlar.is)**

**STAÐLARÁÐ ÍSLANDS**

Pórunnartúni 2 • 105 Reykjavík  
Sími: 520 7150 • Fax: 520 7171  
[stadlar@stadlar.is](mailto:stadlar@stadlar.is) • [www.stadlar.is](http://www.stadlar.is)

**ÍSLENSKIR  
STAÐLAR**

